



## **6. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 19. janúar 2021.**

---

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18:00

### Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvarðsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Lára Berglind Helgadóttir (LBH) og Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG).

### Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK), framkvæmdastjóri og Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) íþróttafulltrúi

### Dagskrá:

#### **1. Samræmdar æfingartöflur**

Hanna kynnti stöðu verkefnis um samræmingu á æfingartöflum knattspyrnudeildar, handboltadeildar og fimleikadeildar sem samþykkt var á fundi aðalstjórnar þann 30. september 2020. Farið var yfir greiningu á árekstrum í stundartöflu og yfir fjölda fjölgreinaíðkenda hjá félaginu. Næsta skref í verkefninu er að funda með yfirþjálfurum deildanna sem um ræðir.

#### **2. Yfirferð fjármála**

Sigurður Rúnar gjaldkeri félagsins fór yfir útteilingu á rekstrarstyrk Mosfellsbæjar sem var samþykkt, hann kynnti einnig félagatal fyrir BUR starfið sem lagt er til grundvallar við úthlutun rekstrarstyrkja. Samtals eru skráningar nú 1.444 sem er fækkun um 35 iðkendur milli ára sem gerir -2,4%.

Á bak við þennan fjölda eru 1.285 kt. Þar af æfa nú 151 kt./börn með tveimur deildum og 4 börn með þremur deildum. Hlutfall fjölgreinaíðkenda lækkar lítillega á milli ára. Að lokum lagði Sigurður fram uppgjörsáætlun deilda sem vinnuskjal til undirbúnings aðalfunda deilda félagsins.

#### **3. Blakdeild**

Fjallað var um erindi sem barst frá blakdeildinni, aðalstjórn hefur svarað erindunum og boðað formann Blakdeildar sem og formann deildar 1 – 6 á fund í framhaldinum.

Fundi slitið kl.21:20

Kristrún Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.